

FUNDARGERÐ Fundur Aðalstjórnar Gróttu			
Dags. fundar 4.október 2010	Tími 20:00 – 20:58	Staður Hátíðarsalur Gróttu	Nr. fundar 9.fundur 2010
Fundarboðandi Gunnar Gíslason (GG)	Fundarritari Andri Sigfússon		Dags. 4.október 2010
Fundarmenn : Gunnar Gíslason (formaður) Guðrún Kaldal (varaformaður) – boðaði forföll Unnur Halldórsdóttir (ritari) – boðaði forföll Guðjón Norðfjörð (gjaldkeri) Ásta Sigvaldadóttir (knattspyrnudeild) Björg Fenger (handknattleiksdeild) Ásta Sigvaldadóttir (fimleikadeild) Andri Sigfússon (íþróttafulltrúi) Kristín Finnbogadóttir (framkvæmdastjóri)			

Fundurinn	Ábyrgð	Lokið dags.
<ol style="list-style-type: none"> 1. Stutt yfirlit deilda 2. Fara yfir niðurstöður viðhorfskönnunar stjórna 3. Þjálfar- /stjórnardagur 4. Íþróttamaður/kona Gróttu 5. Fjárhagsáætlun íþróttamiðstöðvar – óskir frá Gróttu? Fyrirspurn frá Hauki Geirmundssyni 6. Önnur mál <ol style="list-style-type: none"> a) Samskipti við skóla varðandi frí vegna íþróttaiðkunar b) Afhending búninga c) Þorrablót d) Afsláttur stjórna milli deilda og innan deildar 		
<p>Fundur settur kl. 20:02</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Stutt yfirlit deilda <u>Handbolti:</u> Meistaraflokkar eru farnir af stað. Búnir að keppa einn leik hvorn. Herrakvöldið er 22.október og er mikilvæg fjáröflun fyrir deildina. Kvöldið verður haldið í Félagsheimilinu og stefnan er að fá 200 karlmenn. Yngri flokkarnir eru að fara af stað. Forkeppnir búnar og mótin farin af stað. Skráning í handboltann fer hægt af stað. <u>Fótbolti:</u> 3.flokkur er byrjaður að æfa. 2.flokkur og meistaraflokkur byrja í nóvember. <u>Fimleikar:</u> Dominó er að fara á HM í áhaldafimleikum. Var hæst í úrtökumótinu. Búið er að manna allar þjálfarastöður. 2. Fara yfir niðurstöður viðhorfskönnunar stjórna Guðrún Kaldal sendi spurningalista á deildir og það um svörun frá deildum. Í framhaldinu var fundað með Andra og Kristínu og farið yfir þessa könnun. 3. Þjálfara-/stjórnardagur Handboltinn og fimleikarnir eru búnir að halda þjálfaradag fyrir sína þjálfara. Fótboltinn stefnir að því að halda fund fljótlega. Rætt hvort það eigi að halda þjálfara-/stjórnardag eða ekki. Samþykkt að bíða með þetta tímabundið. 4. Íþróttamaður/kona Gróttu Verður haldið á tímabilinu 15.desember – 15.janúar. Tímasetning verður rædd síðar. 		

Fundurinn	Ábyrgð	Lokið dags.
<p>5. Fjárhagsáætlun íþróttamiðstöðvar – óskir frá Gróttu? Fyrirspurn frá Hauki Geirmundssyni. Ásta Sigvaldadóttir sendir lista til Kristínar um óskir frá fimleikadeild. Áhöld í eldhúsið í Hátíðarsalinn.</p> <p>6. Önnur mál</p> <p>a) Samskipti við skóla varðandi fri vegna íþróttaiðkunar Kemur frá ÁS og þaðan kemur það frá Baldri aðstoðarskólastjóra í Valhúsaskóla. Skólinn sé ósáttur með að beðið hafi verið um frí fyrir drengi í skóla</p> <p>b) Afhending búninga Fótboltinn afhendir búninga eftir áramót. Handboltinn er að fara að afhenda búninga á næstunni og verður það gert eingöngu þegar búið er að ganga frá iðkendagjöldið. Ef erfiðleikar eru fyrir hendi, verður viðkomandi börnum engu að síður afhentur búningurinn.</p> <p>c) Þorablót Fimleikadeildin ætlar gefa Þorablótið frá sér. Mikið að gera í janúar hjá deildinni, m.a. sýning og mót. Þess fyrir utan hefur fimleikadeildin enga meistaraflokka til að aðstoða við framkvæmd. 29.janúar. Handboltinn tekur að sér Þorablótið 2011.</p> <p>d) Afsláttur stjórna milli deilda og innan deildar BF veltir því fyrir sér hvort afsláttur eigi að vera hjá t.d. unglingaráðsmönnum hjá öðrum deildum. Samþykkt að afsláttur sé bundinn við stjórnir og eigi þá ekki við aðila sem eru í ráðum hjá félaginu.</p> <p>e) Áhyggjur yfir 2000 árgangnum Fámennur árgangur og margir að hætta í handbolta. Umræður hvað sé sniðugast að gera. Verið að vinna í málinu skv. BF.</p> <p>f) EEP brýnir fyrir aðalstjórn að fjölmenna á leiki meistaraflokks og Herra- og konukvöld félagsins.</p> <p>Fundi slitið kl. 20:58</p>		